

# SKILMÁLAR UM SÖLU Á BYGGINGARRÉTTI LÓÐA VIÐ BRÚNÁS 10 OG 12 OG BREKKUÁS 7

Garðabær óskar eftir tilboðum í byggingarrétt lóða við Brúnás og Brekkuás.

## Brúnás 10

Fastanúmer: 232-9748

Stærð lóðar: 786 fm

## Brúnás 12

Fastanúmer: 207-2345

Stærð lóðar: 766 fm

## Brekkuás 7

Fastanúmer: 232-9746

Stærð lóðar: 780 fm

## Auglýsing

Lóðirnar verða auglýstar hjá fasteignasölum

Óskað er eftir tilboðum.

Tilboð í byggingarrétt á lóðunum þurfa að berast fyrir kl. 17:00 fimmtudaginn xx. apríl xxxx og gilda til kl 12:00 þriðjudaginn xx. apríl xxxx. Tilboð verða opnuð á fundi bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn og xx. apríl xxxx.

## Deiliskipulag

Deiliskipulag fyrir Ásahverfið – Hraunsholt vestra – var samþykkt í bærstjórn 20. nóvember 1997 og skilgreinir skipulagið nánar hvernig hús má byggja á lóðunum. Sjá nánar á vef Garðabæjar [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is).

Til að tryggja að hönnun húsa á lóðunum falli sem best að skipulagi mun Garðabær ráða arkitekt til að yfirfara teikningar af húsunum.

## Greiðsluskilmálar

Tilboðsfjárhæð fyrir byggingarrétt skal innt af hendi innan 15 daga frá samþykki bæjarráðs ásamt greiðslu 1/3 hluta gatnagerðargjalds fyrir 240 fermetra hús.

## Kvaðir vegna framkvæmda

Lóðarhafar skuldbinda sig til að láta arkitekt FAÍ annast hönnun mannvirkja og samhliða hönnun mannvirkja skal leggja fram hönnun lóðar.

Lóðarhafar skuldbinda sig sameiginlega til að sækja um byggingarleyfi innan 6 mánaða frá samþykkt bæjarráðs á tilboðum í byggingarrétt.

Lóðarhafar skuldbinda sig sameiginlega til að standa saman að jarðvegsframkvæmdum á lóðunum og innan 6 mánaða frá samþykki byggingarleyfis fyrir allar lóðirnar.

Lóðarhafar skuldbinda sig til ljúka grófjöfnun lóðar og frágangi við ytra byrði húss innan 18 mánaða frá samþykki byggingarleyfis.

Á lóðinni Brúnás 12 skal vera kvöð um að lóðinni rísi einnar hæðar einbýlishús og er vísað í því sambandi til tilmæla skipulagsnefndar frá fundi 7. máí 2003 og úthlutunarsamnings um lóðina nr. 14 við Brúnás.

## Úthlutunarsamningur

Úthlutunarsamningar verða gerði til staðfestingar á samþykki tilboðs í byggingarrétt.

## Lóðarleigusamningar

Lóðarleigusamningar verða gerðir þegar botnplata viðkomandi lóðar hefur verið úttekin af byggingarfulltrúa. Í þeim verða ákvæði um ofangreindar kvaðir eftir því sem við á ásamt ákvæði er mælir fyrir um að Garðabær geti látið framkvæma verk á kostnað lóðarhafa sinni hann ekki skyldum sínum samkvæmt lóðarsamningi.